

LESTRARSTEFNA VARMÁRSKÓLA



2019

VIRÐING – JÁKVÆÐNI – FRAMSÆKNI - UMHYGGJA



Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Kafli 1. Stefna skólans í lestri.....	4
1.1 Tilgangur og hlutverk.....	4
1.1.1 Hlutverk Varmárskóla.....	5
1.1.2 Hlutverk heimila.....	6
1.1.3 Heimalestur.....	6
Kafli 2 Lesfimi og læsi.....	8
2.1 Lesfimi (leshraði og lestrarnákvæmni).....	8
2.2 Kennsluaðferðir skólans.....	8
2.3 Áherslur í kennslu.....	10
2.3.1 1. – 3. bekkur – yngsta stig.....	10
2.3.2 4. – 6. bekkur – miðstig.....	10
2.3.3 7. – 10. bekkur – elsta stig.....	11
2.4 Nýbúar.....	11
2.5 Viðbrögð við niðurstöðum.....	11
Kafli 3 Yfirlit yfir skimanir og próf.....	12
Kafli 4 Mikilvæg atriði.....	14
4.1 Grunnþættir lesturs.....	14
Kafli 5 Próf og skimanir.....	15
5.1 Leið til læsis.....	15
5.2 Lesfimipróf.....	15
5.3 Logos.....	16
5.4 Orðarún.....	16
Kafli 6 Viðmið prófa og skimanna.....	17
6.1 Lesfimi viðmið Varmárskóla.....	17
6.2 Viðmið í Orðarún.....	18
6.3 Viðmið í Aston Index.....	18
6.4 Áhugaverðar heimasíður.....	20



Formáli

Í hugtakinu læsi felst einkum þrennt: lestur, skilningur og ritun. Hér er valin sú leið að fjalla einkum um lestur en minnt er á þetta samband þessa þriggja þátta. Í traustu læsi felst m.a. sú hæfni að geta ráðið í letur, skilið og túlkað það sem texti hefur að geyma, lært af því og geta miðlað þekkingu sinni til viðmælanda eða lesanda.

Á undanförunum árum hefur orðið mikil breyting á þeim kröfum sem samfélagið gerir til lestrarfærni. Það felst einkum í því að sá texti sem ber fyrir augu lesanda er mun fjölbreytilegri en áður og birtist ekki einungis á pappír heldur einnig á rafrænu formi.

„Það er mikilvægt markmið lestrarkennslu að leið nemandans liggja til sjálfstæðis þannig að smám saman fari hann að velja sér lesefni og geri sér grein fyrir gæðum þess og tengslum við nám, þörf og áhuga. Þá er mikilvægt að hann læri og geti beitt aðferðum við lestur og skilning sem hann velur í samræmi við tilgang lestrar. Góð lestrarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Leita þarf allra leiða til þess að bæta stöðu þeirra nemenda sem af einhverjum ástæðum gengur illa að læra að lesa og grípa þarf inn í sem allra fyrst“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 99).





Kafli 1. Stefna skólans í lestri

1.1 Tilgangur og hlutverk

Úr Aðalnámskrá grunnskóla:

„Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 19).



Huga verður að öllum þáttum læsis og samvirkni þeirra. Börn þurfa að þjálfast í að greina hljóð málsins og átta sig á tengslum milli prentmáls og talmáls. Þau þurfa að öðlast ákveðna lesfimi þannig að orka þeirra fari ekki mest í umskráningu heldur nýtist við merkingarsköpun. Flest börn læra að lesa án sérstakrar fyrirhafnar og sum að því er virðist algjörlega áreynslulaust. Fyrir önnur geta hindranir verið í lestrarnáminu sem hafa áhrif á nám þeirra. Varmárskóli leggur áherslu á markvissa lestrarkennslu öll 10 ár grunnskólagöngunnar, því læsi og lesfimi er undirstaða fyrir allt nám og stuðlar að virkari þátttöku í samfélaginu. Lestur eykur orðaforða og stuðlar að betra valdi á máli, sem er mikilvægt í mannlegum samskiptum.

Lestrarkennsla er ferli sem þarf að vera í sífelldri endurskoðun og þarf að taka mið af því sem best reynist hverju sinni.

Aðalmarkmið lestrarstefnunnar er því að kennslan sé markviss og skýr og bætt lestrarfærni nemandans sé höfð að leiðarljósi alla skólagönguna. Kennslan og þjálfunin á að vera sameiginlegt verkefni skóla og heimilis og áherslur eiga að taka mið af stöðu nemandans hverju sinni. Stuðningur heimilis við þjálfunina getur skipt sköpum til að hægt sé að auka og viðhalda lestrarfærni nemenda.

Stefnan tekur mið af markmiðum aðalnámskrár grunnskóla.



1.1.1 Hlutverk Varmárskóla

Grundvöllur fyrir góðum árangri nemanda í lestri er fyrst og fremst góð samvinna milli heimilis og skóla. Hlutverk skólans í lestrarnámi nemenda er eftirfarandi:

- Að ná markmiðum lestrarstefnunnar með mælanlegum hætti.
- Að byggja stoðir og leiðir til að nemendur geti náð markmiðunum.
- Að tryggja að kennarar fylgi lestrarstefnunni í starfi sínu og sinni þeim verkefnum og skyldum sem hverjum árgangi eru falin.
- Að sjá til þess að kennarar þekki til fjölbreyttra kennsluaðferða og nýti sér þær.
- Að hvetja kennara til að sækja námskeið og kynna sér efni sem eflir lestrarkennslu og færni þeirra sem kennarar.
- Að sjá til þess að þeir nemendur sem ekki ná að fylgja almennum markmiðum lestrarstefnunnar fái aðstoð í samvinnu við heimilið.
- Að vera í góðu samstarfi við heimilin og hvetja þau til samstarfs í þeim verkefnum og hlutverkum sem stefnan gerir ráð fyrir.



Ef misbrestur verður á að heimalestri sé sinnt þá fer ákveðið ferli í gang. Ef heimalestri er ekki sinnt mun umsjónarkennari hafa samband við foreldra/forráðamenn og athuga hvort það eigi sér eðlilegar skýringar. Sé heimalestri ítrekað ekki sinnt er boðað til fundar í skóla með kennara og stjórnanda og aðgerðaráætlun gerð. Miðað er við að lesið hafi verið heima **að lágmarki** fimm daga vikunnar.

Ferli ef nemandi les ekki heima

- Stig 1** Kennari hefur samband við foreldra/forráðamenn verði misbrestur á heimalestri.
- Stig 2** Kennari vísar máli til deildarstjóra hafi ekki orðið bót á og deildarstjóri boðar foreldra/forráðamenn á fund ásamt umsjónarkennara.
- Stig 3** Skólastjórnandi kallar til fundar með foreldrum/forráðamönnum, máli vísað til nemendaverndarráðs.



1.1.2 Hlutverk heimila

Æfingin skapar meistarann og á þetta sannarlega við í lestrarnámi.

Mikilvægt er að foreldrar og forráðamenn láti sig heimalestur barna sinna varða alla grunnskólagönguna. Lestrarkennslan fer fram í skólanum, en stór hluti þjálfunarinnar fer fram heima. Allir nemendur verða því að lesa heima daglega, því lestur í skóla eingöngu veitir þeim ekki þá þjálfun sem nauðsynleg er til að ná lestrarfærni. Markmiðið með heimalestri er að nemendur auki leshraða sinn og bæti við orðaforða og málskilning.



Nemendur þurfa að lesa heima í a.m.k. 15 mínútur daglega og foreldrar/forráðamenn kvitta í lestrarkort þeirra á yngsta-og miðstigi. Nauðsynlegt er að nemendur lesi heimalestur upphátt fyrir foreldra. Nemendur á miðstigi með leshraða undir 125 orð á mínútu þurfa að lesa allar 15 mínúturnar upphátt. Nemendur sem náð hafa 200 orð á mínútu eiga að lesa a.m.k. fimm mínútur af heimalestri upphátt og mega ljúka tímanum með hljóðlestri.

1.1.3 Heimalestur

Nauðsynlegt er að börn lesi heima daglega. Þótt börn lesi í skólanum er það ekki í þeim mæli sem þarf til að þau fái nægilega þjálfun. Þess vegna er heimalestur afar mikilvægur. Markmið með heimalestri er að börn auki leshraða sinn og bæti við orðaforða og málskilning. Þegar barn les heima er mikilvægt að það hafi næði á meðan það æfir sig. Einnig þarf að ræða og útskýra textann sem lesinn er og athuga hvort barnið hafi skilið það sem það las eða það sem



lesið var fyrir það. Börn sem eiga í erfiðleikum með að tileinka sér lestur þurfa að hafa aðgang að hljóðskrá.

Lestur byggist á stigskiptri þróun sem hefst á því að börn lesa einfalda texta sem þyngjast smátt og smátt upp í flókið og sérhæft námsefni sem gerir miklar kröfur til lesskilnings.

Grunnurinn að þessari mikilvægu færni er lagður strax í upphafi lestrarnámsins en börn þurfa að lesa jafnt og þétt til að ráða við stigþyngjandi lesefni. **Ef brestir verða í þjálfuninni er hættu á að viðunandi árangur náist ekki.**


Börn sem eiga auðvelt með að læra að lesa fara fljótlega að lesa af sjálfsdáðum og þeim fer oftast hratt fram. Þó þarf alltaf að vera á varðbergi og viðhalda stöðugri þjálfun. Börn sem eiga í erfiðleikum reyna síður að lesa sjálf og þurfa mikla hvatningu og aðstoð.

Hvernig er hægt að efla lestrarfærni barna ?

- Reynið að skapa reglu og gott andrúmsloft í kringum heimalesturinn strax í upphafi skólans þannig að lesturinn geti orðið ánægjuleg samverustund.
- Skoðið bókina með barninu og beinið athygli þess að umgjörð bókarinnar, heiti hennar, myndum, sögupersónum o.fl. til að komast inn í efni sögunnar og vekja áhuga á því.
- Látið barnið fylgja línunum eftir með fingri um leið og það les.
- Rifjið upp stafi og hljóð sem barnið hikar við og fylgist með að það þekki örugglega alla stafina því það er grunnur að góðri lestækni.
- Gott er að spyrja leiðandi spurninga til að fá barnið til að giska á innihald sögunnar og tjá sig um það t.d. um atburði, framvindu, fyrirætlun, hugarástand og líðan sögupersónanna.
- Fáðið barnið til að segja frá efni sögunnar, ræðið efni textans og látið reyna á ályktunarhæfni þess.
- Hrósið barninu fyrir það sem gengur vel til að uppörva það og hvetja.
- Reynið að vera þolinmóð og jákvæð og láta barnið ekki heyra ef þið eruð áhyggjufull, talið við kennara ef lestrarnámið gengur ekki nægilega vel (Helga Sigurmundsdóttir)

Hvers vegna er mikilvægt að lesa daglega?

Lesfimi þarf að þjálf
Lestur eykur orðaforða
Orðaforði eykur lesskilning
Lesskilningur er lykill að öllu námi



Munið að foreldrar eru helstu fyrirmyndir barna sinna. Sýnum gott fordæmi og lesum fyrir og með börnunum okkar.



Kafli 2 Lesfimi og læsi

2.1 Lesfimi (leshraði og lestrarnákvæmni)

Við upphaf lestrarnáms reynir mikið á hljóðkerfispátt tungumálsins, hljóðkerfisvitundina. Barn sem er að byrja að læra að lesa beinir athygli sinni að tæknilegri hlið lestrarnámsins, bókstöfum og hljóðum, hvernig þau tengjast og hvernig breyta á stöfum í hljóð og orð.

Mismunandi er hjá einstaklingum hvernig þetta ferli gengur og eiga sumir hverjir í miklum erfiðleikum með þetta grunnstig lestrarnámsins, sem síðar þróast út í það að einstaklingur verður læs. Lestur þróast jafnt og þétt eftir að umskráningu stafa í orð og hljóð er náð. Leshraði eykst jafnt og þétt og skilningur á því sem lesið er eflist einnig. Mikilvægt er að erfiðleikar greinist sem fyrst svo hægt sé að bregðast við á „réttan“ hátt. Lestrarerfiðleikar sem tengjast því að ná ekki viðunandi færni í að tengja saman bókstafi og hljóð/orð nefnast í daglegu tali lesblinda eða dyslexia.

Lestur þarf að þjálfra og viðhalda. Til þess að eftirfarandi atriði þjálfist er mikilvægt að skóli og heimili vinni saman að því að gera lestur áhugaverðan og jákvæðan.

Þjálfaður lestur byggist á:

1. því að greina samspil bókstafa og hljóða svo umskráning geti átt sér stað
2. góðum orðaforða og málskilningi
3. góðri lesfimi þ.e. að geta lesið hratt og fyrirhafnarlaust á þann hátt að athygli beinist strax að innihaldi þess texta sem lesinn er

Kennarar þurfa að vera meðvitaðir um, að þótt barnið sé farið að lesa á ásættanlegum hraða er ekki þar með sagt að lesturinn sé í lagi. Lestur felur ekki aðeins í sér umskráningu stafa og orða heldur byggir hann einnig á málskilningi barnsins. Samspil þessara tveggja grunnhugtaka í lestrarfræðunum, umskráningar og málskilnings, þarf að vera til staðar svo góður árangur náist í lestri.

2.2 Kennsluaðferðir skólans

Hljóðaaðferð er kennsla í heitum bókstafa, hljóðum þeirra og hvernig hljóð tengjast saman í orð. Samband stafatákns og hljóðs er þar grundvallaratriði. Með hljóðaaðferð geta nemendur tileinkað sér skilvirka tækni til að lesa. Gott vald á hljóðum auðveldar tengingu þeirra og hjálpar einnig við ritun orða. Nemendur læra að hvert stafatákn á sitt hljóð og með því að tengja þau saman verða til orð. Nemendur umskrá orðin yfir í lestur með því að hljóða sig í gegnum textann.

Orðhlutaleið er þjálfun í að þekkja ritháttarmyndir orða og hugtaka. Nemendur festa í minni útlit ýmissa smáorða og algengra orða og þjálfast í að lesa þau leiftursnöggt.



Heildaraðferð (heildarlestur) hentar vel þeim nemendum sem gengur illa að festa í minni tákinn þ.e. heiti og hljóð bókstafanna. Þá er unnið út frá heilum setningum og þær síðan bútaðar niður í smærri einingar (orð-samstöfur-hljóð).

Þessar aðferðir og leiðir ásamt fleirum falla saman í kennsluaðferðinni **Byrjendalæsi** sem er ætluð nemendum í yngstu bekkjum grunnskólans. Meginmarkmið hennar er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni og er markvissum aðferðum beitt til að styðja við læsi, lesskilning og fjölbreytta ritun.

Byrjendalæsi er heildstætt nám í lestri og þar er vinna með tal, hlustun, lestur, skilning og ritun felld í eina heild og fleiri þættir móðurmálsins svo sem hljóðvitund, orðaforði, réttitun, skrift, málfræði og setningabygging tengdir inn í vinnuferlið á sem fjölbreyttastan hátt. Byrjendalæsi er byggt á hugsmíðahyggju þar sem gengið er út frá einstaklingsmiðun í kennslu, stigskiptum stuðningi við nám og markvissa samvinnu og samskipti nemenda í námi. Grunnur vinnunnar í Byrjendalæsi eru gæðatextar og bækur sem kveikja áhuga, ýta undir ímyndunarafl, hvetja til gagnrýnnar hugsunar og gefur börnum færi á að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf.

PALS-Félagalestur er árangursrík kennslu-aðferð til að þjálfa lesfimi í blönduðum bekkjardeildum. Nemendur vinna saman í pörum og aðferðin gerir því kröfur um mikla samvinnu nemenda. Þeir lesa hvor fyrir annan, leiðrétta og ræða um lesefnið. Þeir beita lesskilningsaðferðum með markvissum hætti.

Framsögn og tjáning

Framsögn og tjáningu á að þjálfa markvisst. Í framsögn er unnið með raddstyrk, tjáningu, hraða, hrynjanda, líkamsstöðu og samskipti við áheyrendur.



Nemendur taka þátt í Litlu upplestrarkeppninni. Meginmarkmið keppinnar er að nemendur flytji íslenskt mál sjálfum sér og öðrum til ánægju og að þeir hafi vandvirkni og virðingu að leiðarljósi við flutninginn. Keppnishugtakið felur eingöngu í sér það markmið að keppa við sjálfan sig, að verða betri í dag en í gær.

Í 7. bekk er mikil áhersla lögð á framsögn og tjáningu og þá sérstaklega í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina sem hefst formlega á degi íslenskrar tungu ár hvert. Undirbúningur hennar felst í upplestri á fjölbreyttum textum, hlustun og framsögn. Allir nemendur taka þátt í þjálfun fyrir innanskólakeppni og þeir nemendur sem þar sigra taka þátt fyrir hönd skólans í Mosfellsbæjarkeppninni.



Lestrarsprettir

Á hverju skólaári fara fram tveir lestrarsprettir, annar á haustönn og sá síðari á vorönn. Markmið með lestrarsprettum er að auka leshraða, efla orðaforða og skilning á lesnum texta auk þess að stuðla að ánægju af lestri.

Bókasafn Mosfellsbæjar er árlega með sumarlestursátak. Hann hefst í lok maí og stendur fram í september. Þegar börnin skrá sig fá þau bókapésa og skrá í hann bækur sem þau lesa eða hlusta á. Börnin lesa heima eða á bókasafninu. Mismunandi þema er á hverju ári og geta börnin fengið myndir til að lita sem tengjast þemanu og hengja upp í safninu eða taka þær með heim.

2.3 Áherslur í kennslu

2.3.1 1. – 3. bekkur – yngsta stig

Í lestrarkennslunni er nemendum mætt þar sem þeir eru staddir hverju sinni. Í upphafi skólaárs er lögð áhersla á málörvun. Hljóðaaðferð og aðferðir byrjendalæsis eru lagðar til grundvallar í lestrarkennslu. Unnið er með tengsl stafs og hljóðs, leshraða, lestrarnákvæmni og lesskilning.



Fljótlega á skólaárinu fá nemendur lestrarbækur miðaðar við getu. Gert er ráð fyrir að nemendur lesi heima upphátt í a.m.k. 15 mínútur á dag. Þegar á líður æfa nemendur hljóðgreiningu með því að skrifa orð eða setningar í stílabók samhliða heimalestrinum. Kennari hlustar á nemendur lesa í skólanum og kvittar í lestrarkort helst daglega, eða eins oft og mögulegt er. Nemendur fá að fara á skólabókasafn og velja sér bækur að eigin vali til skemmtunar og fróðleiks.

2.3.2 4. – 6. bekkur – miðstig

Á miðstigi er lögð áhersla á að auka almenna lestrarfærni með því að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Nemendur lesa heima fyrir hvern skóladag a.m.k. fimm sinnum í viku, að lágmarki 15 mínútur. Nemendum er sýnt aðhald í skóla með því að umsjónarkennari/sérkennari stimplar í lestrarkortið. Hver nemandi les upphátt fyrir kennara í hverri viku. Yndislestur fer fram í skólanum eins oft og því verður komið við, flesta daga vikunnar en þá lesa allir nemendur í hljóði bækur að eigin vali.



Aukinn lestur eflir lesskilning. Kenna þarf nemendum vinnuaðferðir sem þeir geta beitt til þess að auka möguleika sína á að skilja texta hraðar og betur en áður. Lesskilningurinn er



efldur með því að vinna með hugtök, auka orðaforða og bæta ályktunarhæfni nemenda. Unnið er samkvæmt PALS og öðrum aðferðum gagnvirks lesturs.

2.3.3 7. – 10. bekkur – elsta stig

Nemendur lesa í hljóði í bók að eigin vali í upphafi hverrar kennslustundar í íslensku, 10 mínútur í senn, 50-60 mínútur á viku. Hver árgangur hefur úr u.þ.b. 20 nýlegum skáldsögum eftir vinsæla íslenska og erlenda höfunda að velja. Á hvorri önn velur hver nemandi 5 bækur sem hann gæti hugsað sér að lesa. Kennari úthlutar nemendum svo bókum sem þeir lesa á 5-6 vikna tímabili skv. lestraráætlun hverrar bókar. Nemendur skrifa vikulega í lestrardagbók út frá bókinni. Útfærslan er mismunandi eftir árgöngum.

7.-8. bekkur skrifar um framvindu sögunnar og skoðanir sínar á henni en þeir eldri svara spurningum úr sögunum, búa til sínar eigin og meta söguna og framvindu hennar. Í 9.- 10. bekk taka nemendur þátt í leshringjavinnu 3-4 sinnum í mánuði þar sem nemendur vinna umræðuverkefni um söguna auk þess sem þeir læra að nota ýmis bókmenntahugtök og aðferðir við leshringjavinnu svo sem umræðustjórnun og orðaveiðar. Hver hópur vinnur umræðuverkefnin í sérstaka lestrardagbók sem tilheyrir bókinni auk þess sem nemendur bera saman það sem þeir hafa skrifað í sínar eigin lestrardagbækur. Í 7.-8. bekk hittast nemendur í leshringjum á 5 vikna fresti og vinna sameiginlegt umræðuverkefni auk þess sem hver nemandi skilar kennara bókrýni um söguna. Leshringjavinna fer fram þvert á bekkjadeildir.

Með þessari vinnu er lestur aukinn til muna og nemendur þjálfast í lesskilningi og vinnu með ólíkar bókmenntir eftir eigin áhugasviði. Hver nemandi les 5-6 skáldsögur yfir veturinn með þessum hætti sem legst við þær bækur sem hver árgangur les skv. kennsluáætlun í íslensku.

2.4 Nýbúar

Staða nýbúa gagnvart lestri getur verið misjöfn og hafa þarf i huga að sumir hverjir eru ólæsir og/eða nota ekki sama stafróf og lestrartækni og við erum vön. Lestrarkennsla þessara nemenda þarf því að vera unnin í samráði við kennara í íslensku fyrir nýbúa/sérkennara og tengjast þeirri íslenskukennslu. Ef nemandi er læs á öðru tungumáli þarf að gera ráð fyrir því og ef möguleiki er fyrir hendi þarf að þjálf þá færni einnig. Líkt og með nemendur með frávik þarf að móta einstaklingsáætlun fyrir þessa nemendur til að vinna eftir.

2.5 Viðbrögð við niðurstöðum

Gera þarf áætlun, í samráði við sérkennara, fyrir þá nemendur sem víkja frá markmiðum áætlunarinnar og niðurstöðum prófa. Ef nemandi nær ekki lágmarksviðmiðum árgangs í lestri þarf að bregðast við. Skoða þarf hvaða ástæður gætu legið að baki og foreldrar fengnir í náið samstarf með skólanum til að hægt sé að





snúa við þeirri þróun. Þjálfunarefni er sent heim með nemendum auk þess sem sérkennari fylgist með þróun lesturs. Ef ekki verða framfarir þarf að greina vandann mun betur og skoða hvort aðrir þættir hamli lestrarnámi. Sérkennari metur hvort nemandi þurfi sérkennslu í lestri, en þjálfun fer alltaf fram fyrst og fremst heima.



Kafli 3 Lestrarstefna Varmáráskóla – yfirlit yfir skimanir og próf

	Stafakönnun	Leið til læsis lestrarskimun	Læsi lestrarskimun	Lesmál lestrarskimun	Orðarún lesskilningspróf	Lesfimi MMS raddlestrarpróf
1. bekkur	september (endurtekin hjá þeim sem þurfa í janúar og maí)	október	1. hefti – nóv. 2. hefti – feb. 3. hefti – apríl			Próf A – sept. Próf B – jan. Próf A – maí
2. bekkur			1. hefti – okt. 2. hefti – feb.	apríl		Próf A – sept. Próf B – jan. Próf A – maí
3. bekkur					Próf 1 – nóv Próf 2 – apríl	Próf A – sept. Próf B – jan. Próf A – maí
4. bekkur					Próf 1 – nóv Próf 2 – apríl	Próf A – sept. Próf B – jan. Próf A – maí
5. bekkur					Próf 1 – nóv Próf 2 – apríl	Próf A – sept. Próf B – jan. Próf A – maí
6. bekkur					Próf 1 – nóv Próf 2 – apríl	Próf A – sept. Próf B – jan. Próf A – maí
7. bekkur					Próf 1 – nóv Próf 2 – apríl	Próf A – sept. Próf B – jan. Próf A – maí
8. bekkur					Próf 1 – nóv Próf 2 – apríl	Próf A – sept. Próf B – jan. Próf A – maí
9. bekkur						Próf A – sept. Próf B – jan. Próf A – maí
10. bekkur						Próf A – sept. Próf B – jan. Próf A – maí



Kafli 4 Mikilvæg atriði

4.1 Grunnþættir lesturs

Læsi er víðtækt hugtak og nær yfir allt er varðar lestur, lesskilning, réttitun og ritun. Hin almenna merking á við þá færni að geta lesið ritað mál og skilið það og þá færni að geta skrifað texta samkvæmt viðurkenndri stafsetningu. Að vera læs felur í sér að einstaklingar geti nýtt sér og beitt þekkingu í lestri, lesskilningi og ritun í daglegum viðfangsefnum.

Hljóðkerfisvitund er yfirhugtak sem vísar til almennrar færni við að skynja hljóðræna uppbyggingu tungumálsins án tengsla við merkingu orðanna.

Hljóðavitund er undirþáttur hljóðkerfisvitundar. Hún felur í sér vitund um að hvert orð er samsett úr röð hljóða sem táknuð eru með bókstöfum. Hún felur einnig í sér tilfinningu fyrir því hvernig hægt er að greina að hljóð og tengja saman með mismunandi hætti.

Lestur byggist annars vegar á umskráningu og hins vegar lesskilningi. Lestur er virkt ferli þar sem lesandi leitast við að greina merkingu í texta með því að nota mál, þekkingu og reynslu sína til að umskrá ták og tengja þau því máli sem hann hefur tileinkað sér.

Umskráning er að breyta táknum ritmálsins – bókstöfum í viðeigandi málhljóð og tengja þau saman í stærri einingar, t.d. orð og finna merkingu þeirra. Umskráning er því hæfileikinn til að setja bókstafi, orð og málsgreinar yfir í merkingarbært talmál.

Umskráningarfærni er sjónrænn orðalestur lesinn með blæbrigðum og áherslum. Þegar umskráning er orðin sjálfvirk og fyrirhafnarlaus getur lesandinn einbeitt sér að skilningsþætti lestursins.

Stafsetning felst í því að breyta málhljóðum yfir í bókstafi og orð.

Lestækni er færni sem hver einstaklingur þarf að tileinka sér og þjálf og byggist á því að þekkja bókstafi og hljóð þeirra af öryggi til að geta lesið hratt og fyrirhafnarlaust úr bókstafatáknum ritmálsins.

Málskilningur felur í sér færni til að hlusta á og skilja talað mál, hafa orðaforða og orðskilning og skilja málfræðikerfi tungumáls.

Hlustunarskilningur er skilningur á mæltu máli sem einstaklingur hlustar á. Hann byggir á málþroska og málskilningi. Með könnun á hlustunarskilningi lesandans er hægt að einangra skilningsþáttinn frá umskráningarfærni.

Lesskilningur er skilningur og túlkun lesanda á texta sem hann les sjálfur og felur í sér hæfni til að skilja ólíka texta í mismunandi samhengi, frá mismunandi sjónarhornum, tilgangi og markmiðum. Lesskilningur byggir einnig á málþroska og málskilningi sem og umskráningarfærni.



Lesfimi er færni sem byggir á nákvæmni, sjálfvirkni og hrynrænum þáttum tungumálsins, en allir þessir þættir stuðla að auknum lesskilningi. Hún birtist í sjálfvirkum fyrirhafnarlausum lestri sem lesinn er í viðeigandi hendingum og með réttu hljómfalli. Lesfimi er mikilvæg við upplestur og hljóðlestur og getur bæði takmarkað og stutt við lesskilning. *Sjá nánar í viðauka.*



Raddlestur er það hugtak sem notað er yfir lestur sem er lesinn upphátt. Hann þjálfar nemendur í lestri, framsögn og hlustun. Með raddlestri er mögulegt að greina og meta gæði lestrar bæði hvað varðar leshraða, nákvæmni og lestrarlag.

Hljóðlestur eykur lestrarfærni og leshraða og styrkir einnig málskilning, orðaforða og þar með lesskilning. Hann þjálfar einnig einbeitingu og úthald við lestur.

Kafli 5 Próf og skimanir

Til að hægt sé að fylgjast með árangri og framförum nemenda notast skólinn við ýmis matstæki til að hægt sé að styðjast við mælanlegar niðurstöður þegar ákvörðun um áframhald lestrarnáms nemenda er tekin. Í yngstu bekkjunum er notast við Leið til læsis og frá 2. bekk er lesfimiþróf, sem mæla hraða raddlesturs, lögð fyrir fimm sinnum á skólaári til að fylgjast með stöðu nemenda. Orðarún er lögð fyrir einu sinni á önn frá 3. til 8. bekk og er ætlað að athuga stöðu nemenda í lesskilningi.

5.1 Leið til læsis

Leið til læsis er fjölbætt stuðningskerfi í lestrarkennslu sem var hannað af þverfaglegum hópi sérfræðinga fyrir kennara á yngsta stigi grunnskólans. Leið til læsis er byggt á stöðluðum matstækjum sem gefa kennurum og foreldrum góða mynd af stöðu nemenda í lestri. Út frá niðurstöðum úr Leið til læsis er hægt að endurskoða markmið og leiðir og laga kennsluna enn betur að þörfum hvers og eins.

Niðurstöður skimunar gefa góða mynd af stöðu nemandans í þáttum eins og hljóðkerfis- og hljóðavitund, bókstafa- og hljóðabekkingu, málskilningi og orðaforða, en þessir þættir eru grunnþættir lestrarnámsins. Niðurstöður prófsins eru skráðar í gagnagrunn Menntamálastofnunar og hægt er að skoða stöðu hvers nemanda miðað við jafnaldra.

5.2 Lesfimiþróf

Notuð eru raddlestrarpróf frá MMS til að meta lestur nemenda. Sama próf er lagt fyrir allan árganginn hverju sinni til að hægt sé að fylgjast með stöðu nemandans miðað við jafnaldra



og um leið fylgjast með framförum hans. Leshraðinn er metinn með því að telja fjölda rétt lesinna orða sem nemandi les að meðaltali á mínútu.

5.3 Logos

Komi upp rökstuddur grunur um lestrarerfiðleika hjá nemanda er honum vísað í greiningarferli hjá sérkennara. Til að greina lestrarerfiðleika nemenda nota sérkennarar lestrargreiningarforrotið Logos. Logos er tölvutækt greiningarpróf sem er grundvallað á nýlegum rannsóknum á lestrarfærni nemenda og er staðlað fyrir íslenska nemendur. Logos hefur tvo prófaflokka: Fyrri flokkurinn er ætlaður nemendum í 3.- 5. bekk og sá síðari 6. – 10 bekk og fullorðnum. Innan hvers flokks eru margir prófþættir og er meðal annars prófaður lesskilningur, leshraði, hlustun og skilningur, hugtakaskilningur, umkóðunarferni og undirþættir umkóðunarferlisins. Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess að lestrarerfiðleikar séu greindir sem fyrst svo grípa megi tímanlega inn í með viðeigandi hætti.

Niðurstöður prófana í Logos eru settar fram á myndrænan hátt ásamt töflum þar sem hægt er að bera saman niðurstöðu nemandans við jafnaldra. Sérkennari greinir hvern þátt fyrir sig á ítarlegan hátt og útskýrir á skilafundi með foreldrum.

5.4 Orðarún

Orðarún er staðlað lesskilningspróf sem er ætlað nemendum í 3. – 8. bekk grunnskólans. Prófið samanstendur af tveimur textum og eru 10 spurningar úr hverjum texta, en það er lagt fyrir tvisvar á ári. Prófspurningar reyna á hæfni nemandans til að greina staðreyndir sem koma fram í texta, draga ályktanir, átta sig á meginefni texta og útskýra orð og orðasambönd. Prófið veitir kennara innsýn í stöðu nemandans í lesskilningi og er ætlað að vera leiðbeinandi um næstu skref fyrir nemanda í námi.



Kafli 6 Viðmið prófa og skimanna

6.1 Lesfímiviðmið Varmárskóla

Varmárskóli styðst við lesfímiviðmið Menntamálastofnunar. Hér að neðan eru töflur frá Menntamálastofnun sem sýna hver viðmið í lok hvers árgangs fyrir sig í lesfímiprófum.

1. bekkur – orð á mínútu		
janúar	maí	árangur
Yfir 60	Yfir 75	Framúrskarandi
41-60	51-75	Mjög góður
21-40	31-50	Góður
10-20	20-30	Sæmilegur
Undir 10	Undir 20	Undir lágmarksviðm

2. bekkur – orð á mínútu		
janúar	maí	árangur
Yfir 85	Yfir 100	Framúrskarandi
66-85	81-100	Mjög góður
51-65	61-80	Góður
30-50	40-60	Sæmilegur
Undir 30	Undir 40	Undir lágmarksviðm

3. bekkur – orð á mínútu		
janúar	maí	árangur
Yfir 110	Yfir 120	Framúrskarandi
91-110	101-120	Mjög góður
71-90	81-100	Góður
51-70	55-80	Sæmilegur
Undir 50	Undir 55	Undir lágmarksviðm

4. bekkur – orð á mínútu		
janúar	maí	árangur
Yfir 135	Yfir 145	Framúrskarandi
116-135	121-145	Mjög góður
91-115	101-120	Góður
71-90	81-100	Sæmilegur
Undir 70	Undir 80	Undir lágmarksviðm

5. bekkur – orð á mínútu		
janúar	maí	árangur
Yfir 150	Yfir 160	Framúrskarandi
131-150	141-160	Mjög góður
106-130	116-140	Góður
81-105	91-115	Sæmilegur
Undir 80	Undir 90	Undir lágmarksviðm

6. bekkur – orð á mínútu		
janúar	maí	árangur
Yfir 165	Yfir 175	Framúrskarandi
145-165	155-175	Mjög góður
121-144	131-154	Góður
96-120	106-130	Sæmilegur
Undir 95	Undir 105	Undir lágmarksviðm

7. bekkur – orð á mínútu		
janúar	maí	árangur
Yfir 180	Yfir 190	Framúrskarandi
156-179	165-189	Mjög góður
131-155	141-164	Góður
111-130	121-140	Sæmilegur
Undir 110	Undir 120	Undir lágmarksviðm

8. -10. bekkur – orð á mínútu		
janúar	maí	árangur
Yfir 200	Yfir 210	Framúrskarandi
176-199	186-209	Mjög góður
156-175	166-185	Góður
136-155	146-165	Sæmilegur
Undir 120-135	Undir 130-145	Undir lágmarksviðm



6.2 Viðmið í Orðarún

Árgangur	Mjög slakt	Slakt	Meðal	Gott
3. bekkur, próf 1	1-8	9-12	13-17	18-20
3. bekkur, próf 2	1-7	8-10	11-16	17-20
4. bekkur, próf 1	1-8	9-11	12-16	17-20
4. bekkur, próf 2	1-7	8-11	12-16	17-20
5. bekkur, próf 1	1-6	7-10	11-15	16-20
5. bekkur, próf 2	1-6	7-9	10-16	17-20
6. bekkur, próf 1	1-6	7-9	10-15	16-20
6. bekkur, próf 2	1-6	7-9	10-16	17-20
7. bekkur, próf 1	1-6	7-9	10-16	17-20
7. bekkur, próf 2	1-6	7-10	11-16	17-20
8. bekkur, próf 1	1-6	7-10	11-16	17-20
8. bekkur, próf 2	1-5	6-8	9-15	16-20

6.3 Viðmið í Aston Index

	Viðmiðunar- hópur 5	Viðmiðunar- hópur 4	Viðmiðunar- hópur 3	Viðmiðunar- hópur 2	Viðmiðunar- hópur 1
% nemenda	10%	10%	60%	10%	10%
Árgangur	Fjöldi villna	Fjöldi villna	Fjöldi villna	Fjöldi villna	Fjöldi villna
2. bekkur	0	0-1	2-7	8-14	15-20
3. bekkur	0	0-1	2-4	5-6	7-20
4. bekkur	0	0-1	2-6	7-8	9-20
5. bekkur	0	0-1	2-6	7-8	9-20
6. bekkur	0	0-1	2-5	6-7	8-20
7. bekkur	0	0-1	2-6	7-8	9-20

Viðmiðunarhópur 1 – á við þá nemendur sem teljast þurfa stuðningskennslu í réttitrun

Viðmiðunarhópur 2 – á við þá nemendur sem þarf aðg efa sérstakan gaum

Viðmiðunarhópur 3 – Í þessum hópi eru 60% nemenda, þeir sem hafa færni í kringum meðaltalsgetu árgangsins



Viðmiðunarhópur 4 og 5 – eiga við þau 10% + 10% sem geta unnið sjálfstætt með lágmarks leiðsögn



6.4 Áhugaverðar heimasíður

Lesskilningur, upplýsingar og verkefni

<http://egskil.is/>

Yndislestur

<https://hildurheimis.wordpress.com/>

Lestrarefni – þjálfunarverkefni - kennsluforrit Rafbækur/hljóðbækur

<http://www.lestu.is/>

Góð ráð til að hjálpa börnum við lestur og ritun

http://eldri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skola_og_fristundasvid/skjol/Hvernig_geta_foreldrar_hja_lpa_bornum_sinum_me_lestur_og_ritun.pdf

Menntamálastofnun, kennsluforrit, rafbækur, hljóðbækur og fleira

<http://www.mms.is/>

Kennsluforrit fyrir unga nemendur

<http://mennta.hi.is/vefir/snilliheimar/lok/forsidabyrja.html>

Skólavefurinn, fróðleikur, lestur, verkefni, gagnvirk verkefni

<http://skolavefurinn.is/>

Dyslexia / Lesblinda Félag lesblindra á Íslandi

<http://www.fli.is/>

Hljóðbókasafn Íslands

<http://hbs.is>

Lestur Vefur um læsi og lestrarerfiðleika

<http://lesvefurinn.hi.is/>

Hjálpartæki Forrit, tölvur, spjaldtölvur, talgervlar, óhefðbundnar tjáskiptaleiðir, námskeið

<http://www.tmf.is/namskeid/>